Heimasíða: www.help.is
Gjafabréf: www.gjofsemgefur.is
Framlög: www.framlag.is
Ungliðahreyfing: www.changemaker.is

Hjálparstarf kirkjunnar
actalliance

Starfsskýrsla 2011–2012

Verkefni heima og erlendis

Í þessu hefti færðu stuttar og aðgengilegar upplýsingar um ólíka þætti í verkefnum Hjálparstarfsins 2011-2012. Gefin eru dæmi um leiðir að markmiðum og árangur. Þau eru ekki tæmandi og vísast í ítarlega ársskýrslu á www.help.is undir liðnum UM STARFIÐ. Öll aðstoð, heima og erlendis, er veitt án tillits til trúar, þjóðernis, stjórnmálaskoðana eða annars sem ólíkt er með fólki. Góða skemmtun við lesturinn og takk fyrir að sýna starfinu áhuga!

Í þessum heimi er það ekki það sem við tökum okkur, heldur það sem við gefum frá okkur, sem gerir okkur rík.

Henry Ward Beecher

Hjálparstarf kirkjunnar

Hjálparstarf kirkjunnar veitir aðstoð um allt land í gegnum presta, félagsráðgjafa og námsráðgjafa.

Í og með Lútherska heimssambandinu

145 aðilar í 79 löndum, fulltrúi 70 milljóna kristinna manna. Unnið með heimamönnum á hverjum stað sem þekkja vandann af eigin raun, þekkja menningu, venjur og tungumál. Reynsla og hæfni á öllum sviðum þróunarsamvinnu. Aðstoð án tillits til orsakar neyðar, trúar eða trúleysis. **www.lutheranworld.org**

actalliance

131 kirkja og kirkjutengdar hjálparstofnanir í 140 löndum með 30.000 starfsmönnum og sjálfboðaliðum sem veita neyðar- og þróunaraðstoð við hamfarir, stríðsástand og þar sem örbirgð ríkir. Stuðlar að réttlæti með því að þrýsta á stjórnvöld og alþjóðastofnanir um umbætur á sviði laga og efnahagsmála. **www.actalliance.org**



Mannréttindi að hafa aðgang að hreinu vatni

Þjóðir heims hafa á vettvangi Sameinuðu þjóðanna samþykkt ályktun um að rétturinn til hreins drykkjarvatns og hreinlætis teljist til almennra mannréttinda – enda vatn grundvallarforsenda lífs og heilsu. Hjálparstarf kirkjunnar stendur að vel skipulögðum aðgerðum, þar sem vatn skortir, í fullu samstarfi við fólk sem þar býr – fólk sem kallar eftir réttindum sínum. Á verkefnasvæðum hefur rigning brugðist og grunnvatn endurnýjast þá ekki. Vatn þarf að sækja um æ lengri veg oft í staðna polla með gruggugu vatni. Brunnar eru boraðir eða handgrafnir, vatnstankar og vatnsþrær gerðar til að safna rigningarvatni. Vatnsnefndir annast viðhald og miðla fræðslu um hreinlæti. Vatn í næsta nágrenni eykur menntunarmöguleika stúlkna, það er víðast í verkahring þeirra að sækja vatn, þegar langt er að fara missa þær af skólanum. Þegar minni tími fer í þetta verkefni komast þær í skóla. Kamrar eru reistir og um leið frætt um hreinlæti og smitleiðir sjúkdóma. Pumpur settar upp fyrir áveitur. Fræ nýrra og þurrkþolnari tegunda, tól og kennsla eru hluti af verkefninu. Einnig geitur og hænur. Skepnur er hægt að halda þegar vatnsöflun er örugg. Tað skilar næringu í jarðveginn. Umframafurðir má selja og kaupa fyrir nauðsynjar eða kosta skólagöngu barna. Öll vatnsöflun er samábyrgð Hjálparstarfsins og fólksins á svæðinu. Þátttaka þess er forsenda varanlegs árangurs, að fleiri fái að njóta þessara mannréttinda.

Eþíópía

- **Vatnsþrær gerðar.**
- **Bændur þjálfaðir til að greina og lækna helstu búfjársjúkdóma.**
- **Samráðsfundir til markvissra lausna.**
- **Kamrar gerðir, frætt um gildi þeirra.**
- **Fræðsla um vernd og nýtingu jarðvegs og vatns.**
- **Nýjar þreskivélar spara vinnu.**
- **Þjálfun fyrir opinbera starfsmenn til að styðja við íbúa.**

Malaví

- **Brunnar grafnir og gert við gamla.**
- **Umsjónarmenn þjálfaðir til að halda við brunnum.**
- **Pumpur settar upp fyrir áveitur.**
- **Kamrar, vaskar, fræðsla til að breyta hreinlætisvenjum.**
- **Fundir og námskeið fyrir íbúa og opinbera starfsmenn til að greina vatnsvandamál og sjálfbærar lausnir.**
- **Leiðtogaþjálfun, fræðsla um vatn og vatnsvernd.**
- **Geita- og hænsnarækt efld.**

Úganda

- **Vatnstankar settir upp við hús fyrir rigningarvatn af þökum.**
- **Kamrar og vaskar gerðir.**
- **Eldhús reist við íbúðarhús til að halda matargerð aðskilinni og auka hreinlæti.**

Indland

- **Herferð gegn sandnámi í ánni Palar sem sér héraðinu fyrir drykkjarvatni**
- **Barátta gegn spillingu og mannréttindabrotum vegna vatnshagsmuna**

Eþíópía

- Heilsugæslustöð reist
- Fræðsla um smitleiðir og hvatning til að fara í HIV-próf
- Smitaðir segja sögu sína og opna umræður
- Plaköt og bolir með slagorðum til að minnka áhættuhegðun
- Námskeið fyrir yfirsetukonur um öruggari fæðingarhjálp
- Fræðsla um hreinlæti og reistir kamrar

Malaví

- Fræðsla um hreinlæti og smiðleiðir sjúkdóma
- Sýniskamrar reistir og fólki auðveldað að gera eigin
- Vaskar og vatnstankar spara erfiði og auka hreinlæti

Úganda

- Barátta gegn fordómum. Frætt um smiðleiðir og áhættuhegðun
- Hús, eldaskáli, kamrar og vatnstankar reistir fyrir munaðarlaus börn vegna alnæmis
- Fólki hjálpað til að komast í HIV-próf og sækja sér lyf
- Stuðningur við HIV-smitaða og alnæmissjúka foreldra

HIV/alnæmi

fræðsla, ráðgjöf og efnisleg aðstoð

Í öll Afríkuverkefni Hjálparstarfsins tvinnast barátta gegn HIV/alnæmi og afleiðingum þess. Yfirsetukonur eru þjálfaðar í að taka á móti börnum smitaðra mæðra. Sjálfboðaliðar eru þjálfaðir til að hafa upp á sjúkum og munaðarlausum börnum í í afskekktum kofum og koma þeim til hjálpar með aðhlynningu, fræðslu, ráðgjöf og efnislegri aðstoð. Í henni felst að byggja hús, reisa vatnstanka sem safna rigningarvatni og eldaskála. Munaðarlaus börn fá kennslu t.d. í að flétta mottur og selja, um bætta ræktun; þau fá fræ og áhöld sem eykur uppskeru og þau eru studd til skólagöngu. Matjurtarækt tryggir fjölbreytta fæðu til vaxtar börnum og alnæmissjúkum til næringar en án hennar eru lyf til lítils. Fólk er hvatt í HIV-próf og hjálpað til að fá lyf. Með íbúum er farið yfir skaðlegar venjur, illar í sjálfu sér, en sem auk þess bera með sér gríðarlega smithættu t.d. á HIV-veirunni. Trúarleiðtogar og þorpsleiðtogar sem geta haft áhrif á fólkið sitt eru virkjaðir til að leiða breytingar á hegðun og draga úr smithættu. HIV-smitaðir taka þátt í fræðslu um sjúkdóminn og vinna gegn fordómum sem enn eru miklir. Að fá vatn úr nálægum brunni, tanki eða vatnsþró sparar sjúkum erfiðisvinnu og eykur hreinlæti fyrir þá sem hafa lamað ónæmiskerfi.

Harður veruleiki barna

Hinn harði veruleiki sumra barna er að sjá um sig sjálf. Þau þurfa stuðning, kennslu og þjálfun. Önnur hafa verið hneppt í þrælavinnu. Þau þarf að frelsa. Í Úganda fá munaðarlaus börn nýtt húsnæði, vatnstank, eldaskála með sparhlóðum og nauðsynlegasta innbú. Þeim er kennd jarðrækt til framfærslu og mörg fá stuðning til að ganga í skóla. Ráðgjafi heimsækir þau reglulega og hjálpar þeim að finna leið til að framfleyta sér. Sum læra að sníða og sauma, önnur að vefa strámottur eða smíða og múra. Þeim stendur einnig til boða hópvinna með fagfólki til að vinna sig upp úr áföllum sem þau hafa upplifað. Í Tamil Nadu-fylki á Indlandi er rekinn forskóli til að kynna þrælbundnum foreldrum hvað felst í menntun og venja börnin á skólagöngu. Í skóla fá þau kennslu, mat, bólusetningar, tækifæri til leikja og athygli. Haft er upp á þrælabörnum og þeim komið í kvöldskóla. Þar fá þau fræðslu um réttindi sín, þar styrkist sjálfsmynd þeirra og þar öðlast þau nýja færni. Þau fá að vera glöð, hafa loksins eitthvað til að gleðjast yfir. Foreldrar fá umfangsmikinn stuðning til að standa sig í foreldrahlutverkinu og sjá fjölskyldunni farborða án launa barnanna, þótt lítil séu. Börn og foreldrar læra að spara fyrir útgjöldum í stað lána sem binda í ánauð. Mótframlag frá verkefninu eflir þeim móð. Þegar kvöldskólanum lýkur eftir sex mánuði er skuld barnanna greidd og þau skráð í almenna skóla. Öllum er vel fylgt eftir svo enginn heltist úr lestinni. Í Andhra Pradesh-fylki á Indlandi fá börn sem hafa búið við algjöra örbirgð tækifæri til að búa á heimavist og ganga í skóla. Tækifæri sem aðeins væri fjarlægur draumur án stuðnings styrktarforeldra á Íslandi. Þau fá nauðsynlega heilsuþjónustu og næringarríkan mat, fatnað og skóladót sem til þarf. Starfsfólk heimavistar veitir stuðning við heimalærdóm, undirbúning fyrir próf og fræða um samfélagslegar skyldur, hreinlæti o.fl. Mikið er um dans og leiklist í skólastarfinu. Iðngreinanám stendur ungmennum til boða eða tvö fyrstu ár framhaldsskóla.

Indland

- **Fræðsla og þrýstingur á samfélagið að fara að lögum um barnavernd og skólaskyldu, gegn barnaþrælkun**
- **Heimavistarskólar: menntun, næring, heilsugæsla, umhverfi sem eflir börn**
- **Barnaþing kenna börnum lýðræðislegar leiðir til að öðlast mannréttindi**
- **Sumarnámskeið, kröfugöngur, sýndarréttarhöld draga fram lögleysuna við barnaþrælkun**
- **Fræðsla til foreldra um ótímabærar giftingar dætra, gildi menntunar, lög og stjórnarskrá varðandi réttindi barna o.fl.**

Úganda

- **Hús byggð fyrir munaðarlaus börn auka öryggi – eldaskáli og kamrar auka hreinlæti**
- **Börn fá grunnhúsbúnað og áhöld**
- **Vatnstankar settir upp til að spara erfiða vinnu, efla heilsu og hreinlæti**
- **Greidd skólagjöld, föt, námsgögn fyrir yngri börn**
- **Eldri börnum hjálpað að læra handverk til tekna**
- **Börnum kennd jarðrækt og hjálpað með tegundir sem þau ráða við**
- **Ráðgjafi veitir munaðarlausum umhyggju og leiðsögn**

Eþíópía

- Konur þjálfaðar í að greina atvinnutækifæri, fá lán og aðstoð til að byrja og öðlast efnahagslegt sjálfstæði
- Unnið gegn skaðlegum hefðum varðandi konur og börn og um leið fyrir mannréttindum
- Náið samstarf, námskeið og þjálfun fyrir opinbera starfsmenn til að þekkja betur afleiðingar fátæktar og veita betri þjónustu
- Vatnsþró í næsta nágrenni tryggir að fleiri stúlkur komast í skóla þar sem minni tími fer í að sækja vatn

Malaví

- Þorpsleiðtogar þjálfaðir til að taka á ofbeldismálum og veita þolendum stuðning
- Nefnd um heimilisofbeldi fræðir þorpsbúa í gegnum leikrit m.a. um tilkynningaskyldu
- Skapaður vettvangur fyrir alnæmisjúka til að koma fram með sögu sína og draga úr fordómum
- Fólk á jaðrinum stutt til að koma skoðunum sínum að í þorpinu
- Bæði kynin taka jafnan þátt í verkefnum, öðlast sömu eignartilfinningu og njóta afraksturs
- Þar sem lítill tími fer í að sækja vatn eftir að brunnur kom komast fleiri stúlkur í skóla

Indland

- Fólkið eflt til að berjast sjálft fyrir vatnsréttindum,
  landi til að búa á, útgáfu nauðsynlegra skilríkja
- Námskeið fyrir konur um réttindi í velferðarkerfinu
- Mikil fræðsla og áróður gegn barnabrúðkaupum

Réttindi og skyldur – Valdefling kvenna

Aukin áhrif kvenna á verkefnasvæðum Hjálparstarfsins leyna sér ekki. Konurnar eru farnar að standa fyrir eigin atvinnustarfsemi og ráðstafa sjálfar tekjum af henni. Það er mikil breyting. Námskeið fyrir konur í að greina atvinnutækifæri, um mikilvægi sparnaðar og síðan lán til nýsköpunar hafa leitt til valdeflingar, sterkari sjálfsmyndar og meiri virðingar samfélagsins í garð kvenna. Konur fá fræðslu um réttindi sín í velferðarkerfinu. Unnið er gegn kynbundnu ofbeldi með leiðtogum, stofnunum og lögreglu. Haldnir eru fræðslufundir fyrir konur og karla um lögvarin réttindi þeirra t.d. um skaðlegar hefðir eins og umskurð kvenna. Hann er bannaður með lögum en tíðkast þó enn víða. Viðhorfsbreyting hefur orðið með góðu samstarfi við þorps- og trúarleiðtoga. Fjölgun stúlkna í skóla er bein afleiðing af því að vatnsþrær, vatnstankar og brunnar hafa gjörbreytt aðstæðum stúlkna sem bera þær skyldur að sækja vatn. Tíminn sem í það fer hefur minnkað svo mikið að þær geta lokið þessum skyldustörfum áður en skólinn hefst. Aukin menntun er síðan stórt skref í allri framþróun og vitund um réttindi. Þannig verða verkefni Hjálparstarfsins til þess að konur verða virkir þjóðfélagsþegnar, sér og samfélaginu til gagns. Langt er í jafnrétti kynja en hér eru stigin skref í átt að því markmiði.

Indland

- Umhverfisfræðsla í skólum samstarfsaðila
- Barátta fyrir vernd fljóta
- Stéttlausir berjast fyrir rétti til drykkjar- og áveituvatns

Eþíópía

- Námskeið fyrir bændur um nýtingu lífræns úrgangs til að halda næringarefnum í jarðvegi
- Sparhlóðir sem þurfa helmingi minna eldivið
- Stofnaðir íbúahópar til að vinna að málefnum eins og landvernd, ræktun beitarlands og vatnsmálum á grunni nýrrar þekkingar
- Stallagerð til að hefta framrás vatns og binda það frekar í jarðvegi

Malaví

- Nýjum frætegundum dreift til ræktunar; hvílir jarðveg, samfelldari uppskera ólíkra tegunda
- Fræðsla um varnir gegn flóðum og þurrkum
- Námskeið um lög og reglur um vatn, verndun þess og ábyrgð einstaklingsins
- Leiðtogaþjálfun til að ýta undir gott fordæmi og aðferðabreytingar sem hlífa umhverfinu
- Kennt að gera lífrænan bíómassa til að auka næringargildi jarðvegs

Úganda

- Fræðsla um hringrás vatns og verndun þess
- Kennsla um víxlræktun tegunda til að hlífa jarðvegi
- Kennsla í moltugerð

Umhverfisvernd

Sjálfbærni og umhverfisvernd eru grunnvallarþættir í verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar. Umhverfisvernd er lykillinn að framtíðinni, forvörn gegn sífelldum náttúruhamförum á borð við flóð og þurrka. Fólk er frætt um samhengi hlutanna. Hvernig gróðureyðing sem eykst við það að höggva eldivið verður til þess að vatn tollir ekki í jörðinni. Vatnið flýtur burt á yfirborðinu eða gufar upp þegar engar rætur halda í það og laufskrúð veitir ekki skugga. Nýtanlegum vatnsbólum fækkar. Þess vegna er fólki kennt að rækta upp græðlinga og planta meðfram ám og lónum til að halda í jarðveg og raka. Stallar eru gerðir til að rækta á svo jarðvegur skolist ekki burt. Hraðvaxta trén má um leið nýta í eldivið. Með sparhlóðum verkefnisins þarf helmingi minna en áður. Trén bera sum ávöxt og þau veita matjurtum skugga. Tegundir eru ræktaðar á víxl til að draga úr næringartapi í ökrum. Gróðurleifar eru nýttar í moltugerð og tað til áburðar. Náttúruleg hringrás verndar auðlindir. Á Indlandi berjast samstarfsaðilar Hjálparstarfsins fyrir lífi aðal fljóts héraðsins. Það sér ríkum og fátækum fyrir vatni. Gosdrykkjaframleiðendur og fleiri atvinnurekendur taka of mikið á kostnað íbúa. Sandnám opinberra og einkaaðila úr árfarveginum dregur úr rakadrægni hans og áin heldur ekki jafn miklu vatni.

Austur-Afríka

- **Veitt var neyðaraðstoð í Eþíópíu og Sómalíu vegna langvarandi þurrka, fólksflótta og hungursneyðar**
- **Korni deilt út**
- **Flóttamönnum veitt bráðabirgðaskjól**
- **Gert við brunna**
- **Hreinlætisaðstaða bætt með því að reisa kamra**

Malaví

- **Neyðarhjálp vegna flóða á**
- **verkefnasvæði í Chikwawa-héraði í Malaví**
- **Bráðabirgðaskjól reist og teppum dreift**
- **Gert við kamra og reistir nýir**
- **Fræ og áhöld til jarðræktar**

Neyðaraðstoð með actalliance

Hjálparstarf kirkjunnar veitir mest af neyðarhjálp sinni í gegnum ACT Alliance og er einn 131 ACT-aðila um allan heim. Í 140 löndum unnu á síðasta ári um 30.000 starfsmenn og sjálfboðaliðar fyrir fórnarlömb hamfara, stríðs og átaka. ACT-aðilar í hverju landi mótuðu með sér samráðsvettvang og í löndum þar sem fáir starfa, nær sá vettvangur yfir stærri svæði. Þannig nýtist þekking allra betur, sérþekking kemst á framfæri, fleiri koma að lausnum, samhæfing og verkaskipti verða skýrari og starfið markvissara. 40 slík forum eru lykill að þróun og árangri ACT. Þau hafa áhrif langt út fyrir sitt svæði, meðal annars á stefnumótun ACT Alliance í heild. Mestum fjármunum varði ACT Alliance í verkefni í Afríku (65%), því næst í Suður-Ameríku (16%) og loks í Asíu og á Kyrrahafseyjum (12%). ACT veitir alla aðstoð án nokkurra skilyrða eða aðgreiningar. ACT Alliance fylgir alþjóðlegum stöðlum eins og SHPERE um neyðaraðstoð, ströngum siðareglum auk eigin staðla um sífellt endurmat á starfseminni.

www.actalliance.org

Inneignarkort í stað matarpoka

Mataraðstoð er stór þáttur í innanlandsaðstoð Hjálparstarfsins. Eftir fyrsta heila starfsárið þar sem eingöngu voru notuð inneignarkort í matvöruverslunum í stað matar úr matarbúri, er óhætt að segja að reynslan hafi verið mjög góð. Það styður rannsókn sem gerð var meðal skjólstæðinga. Ekki síst varð það breyting gagnvart börnum sem sjá nú foreldra sína kaupa í matinn eins og aðra. Með umsókn um inneignarkort þurfa að fylgja gögn um tekjur og gjöld. Þar sem afgangsfé er undir viðmiðunarmörkum er aðstoð veitt. Vegna takmarkaðs fjármagns miðast kortin við barnafólk á höfuðborgarsvæðinu en öðrum er vísað á hin samtökin sem starfa á svæðinu. Þar sem öðrum samtökum er ekki til að dreifa geta allir, líka barnlausir, sótt um kortin. Áfram stendur öllum til boða lyfjaaðstoð, menntunarstyrkir og fleira og allir hvattir til að þiggja ráðgjöf. Hana veita félagsráðgjafar Hjálparstarfsins og félags- og sálfræðingar Félagsþjónustu kirkjunnar, ókeypis, eftir þörfum. Fjármálaráðgjöf með lífsleikniívafi var mjög vel sótt. Ungmennum sem fengu styrk úr Framtíðarsjóði til að ljúka starfsréttindum eða komast í lánshæft nám fjölgaði enn. Fjölda barna og fjölskyldum þeirra voru veittar ánægjustundir með miðum í leikhús, bíó, ferð á veitingastað, í sund eða í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn. Hjálparstarfið stóð fyrir jólaaðstoð þar sem, auk inneignarkorta, var hægt að fá jólagjafir og föt á börnin.

- **2.114 fjölskyldur fengu aðstoð í 5.489 afgreiðslum**
- **410 börn fengu stuðning vegna skólabyrjunar**
- **18 börn fengu gleraugu**
- **129 ungmenni um allt land í 25 framhaldsskólum fengu stuðning vegna náms**
- **68 börn fengu styrk vegna tómstunda**
- **Í hverri viku fá um 20 fjölskyldur á sig föt hjá Hjálparstarfinu**

Breytendur á flugi

Breytendur - Changemaker á Íslandi, stuðla að betri heimi þar sem gæðum er skipt á sanngjarnan máta. Breytendur stóðu fyrir vitundarvakningu um Fairtrade vörur – sanngjörn viðskipti, vöktu athygli á að það væri umhverfisvænt að velja íslenskar matvörur, heimsóttu skóla og hópa, héldu námskeið og seldu Friðarljós og gjafabréf Hjálparstarfsins um jólin. Á landsmóti æskulýðsfélaga kirkjunnar á Selfossi kynntu Breytendur starf sitt og tóku þátt í söfnun fyrir fórnarlömb jarðskjálftans mikla í Japan. Fimm breytendur fóru á landsmót Changemaker í Noregi í júní. Starfið er tilboð til allra á aldrinum 13-30 ára sem vilja láta sig slík málefni varða. Fjórir hópar, þrír í Reykjavík og einn á Akureyri eru starfandi, mis virkir þó. Breytendur eru ungliðahreyfing Hjálparstarfs kirkjunnar, studd af fræðsludeild kirkjunnar og Æskulýðssambandi kirkjunnar í Reykjavíkurprófastdæmum. Breytendur eru hluti hinnar alþjóðlegu Changemaker hreyfingar, sem á rætur sínar að rekja til Noregs og starfar nú í Finnlandi, Ungverjalandi, Hollandi, Kenýa, Pakistan og víðar.

Verkefnin

- **Fjaðrafok helgarnámskeið fyrir nýliða**
- **Vöktu athygli á Fairtrade-vörum m.a. með auglýsingu á netinu**
- **Seldu Friðarljós og gjafabréf Hjálparstarfsins á Laugaveginum fyrir jól**
- **Fimm fóru á landsmót móðursamtakanna í Noregi**

www.changemaker.is

Tekjur námu 263,6 milljónum króna



213,8 milljónum varið til verkefna



Söfnunarfé og útgjöld

Tekjur stofnunarinnar frá 1. júlí 2011 til 30. júní 2012 námu 263,6 milljónum króna. Þrjár safnanir voru á starfsárinu, söfnun fermingarbarna í nóvember, jólasöfnun og svo hefðbundin páskasöfnun. Fastir styrktarmenn, regluleg framlög presta og sókna, styrktarlínur í fréttablaðið, kertasala, minningarkort og gjafabréf skila starfinu einnig mikilvægum tekjum. Hjálparstarf kirkjunnar hefur notið góðs af stuðningi stjórnvalda við þróunarverkefni og neyðaraðstoð.

Framlög til verkefna

85,6 milljónum var varið til þróunarverkefna og 17,5 milljónum til neyðarhjálpar. 100,8 milljónum var varið til verkefna innanlands. Fræðslu- og kynningarstarf kostaði 9,9 milljónir. Hjálparstarfið hefur á árinu varið 288,5 milljónum til verkefna og reksturs. Af söfnunarfé sem eftir er í lok starfsársins, 244,5 milljónum króna, hefur stofnunin eyrnamerkt og skuldbundið sig til að greiða um 200 milljónir vegna verkefna sem eru í gangi.

Ráðstöfun til verkefna og kostnaður nam 288,5 milljónum



English Summary

One link in a strong chain

Icelandic Church Aid, founded in 1970, initiates and coordinates development work on behalf of the National Church of Iceland. ICA has seven staff members, is governed by a council of representatives that meets twice a year and an executive board of five members. ICA funds projects at home and abroad, bilaterally and through its membership of the Lutheran World Federation, an alliance of 145 churches and church related organizations in 79 countries, representing over 70 million people. LWF runs successful development work in 34 countries. Through LWF, ICA has access to expertise in a very specialized field and is able to direct funds to the poorest of the poor. All work is in close partnership with local organizations and the people at the grassroots level **www.lutheranworld.org**. ACT Alliance coordinates emergency assistance on behalf of LWF and World Council of Churches, as well as long-term development projects and strong advocacy. ACT works to influence government policies and international organisations for the benefit of developing countries. ACT Alliance is composed of 131 member organisations, employing 30,000 staff and volunteers. Members work in 140 countries with a turnover of approximately $1.6 billion each year. This year, through ACT Alliance, ICA supported humanitarian assistance to those suffering drought and hunger in The Horn of Africa. **www.actalliance.org**

Water and livelihood

Water is scarce in all our intervention areas in Africa: Ethiopia, Uganda and Malawi. Thus water is the basis of all our work, supporting other components. This year ICA funded water tanks, borehole rehabilitation, shallow wells, cisterns and trained water committees for the maintenance of wells and their surroundings. Purifying tablets were distributed were surface water is used. Latrines were built, hygiene and sanitation taught and practiced for personal needs and the cleaneliness of the home and its surroundings. With more water accessible, irrigation sustained diverse new crops though drought was never far off and emergency assistance was given intermittingly. Tools were supplied as well as training in processing and storing of harvests, food and water. Animal husbandry increased, with training in care, as low productivity and diseases are contraints on farming. Paravets had refresher training in diagnoses and

actalliance

Mission

Members of the alliance work together for positive and sustainable change in the lives of people affected by poverty and injustice through coordinated and effective humanitarian, development and advocacy work. We work with and for people of all faiths and none.

treatment. Traditional birth attendants also had refresher trainings involving the use of clean water and sterilized equipment. A borhole within easy reach saves time. More girls were able to go to school, mothers had more time for childrearing, food production and economic activities. Health improved notably. Special cisterns were made to water animals decreasing considerably the danger of disease transmission.

HIV and AIDS

To counter the devastating effects of HIV/AIDS, ICA provided AIDS orphans with material and psycho-social help. New housing is provided, houshold items, beddings, mosquito nets, schoolbooks, tools, seeds and much more. But probably most importantly – regular counselling is offered and special trauma counselling in groups for those who need it. Volunteers are trained, thus capacity is built locally. Traditional birth attendants play a very important role in reducing the risk of HIV-transmission and reinforcing hygiene practices that reduce opportunistic infections. Much needed discussions were continued with the community and leaders to inform about HIV/AIDS, promote testing and support change in sexual behavior. HIV-positive people were more involved, simply by coming forth – and telling their stories as many are still convinced that HIV does not exist in their region. This proved to be effective as the reduction of the number of HIV-positive people had come to a halt in many areas. New ways to reach the communities were needed and involving them proved to be successful. Patients were supported to access anti-retroviral medicine regulary as most live in remote areas. Through our projects, government staff is continually trained to recognize and work with the infected and affected, dealing with the social and economic effects of AIDS.

Children and education

ICA is a long time funding partner of an Indian human rights partner who works to release dalit and tribal children from bonded labour and enrol them in school. The project is complex for long term results, including evening schools, rights education for children and parents and lobbying of government, the public school system, employers and the public to help abolish child labour and promote acceptance of dalit and tribal children in public schools. Parents are helped to generate more income so they will not need loans, thereby ushering their children into bonded labour. Children and parents save for school expenses and our partners give out matching grants. Preschools for the youngest instill the habit of going to school and teach parents about the benefits of education versus the children following them to unsafe work

places. Every aspect is thought through to avoid all possible pitfalls, as children dropping out, parents cashing a new loan or employers´ intimidation. Awareness raising and encouragement to take action is a constant component of the project. Parents need to be informed about the dangers of child marriages, official benefits availabe in different situations and much more no one has cared to promote to this class of people. Support is given to Dalit youth to attend universities in the area with focus on special needs as strengthening their self-esteem and meeting their needs for study support. They may be the first in their family to be registered in school and poverty is always a steady reason for dropping out and starting to work. For the short term, a little money may be better than none. If they finish their education, partnership with enterprises in the area have been established and they have real job opportunities upon graduation. ICA supporters also sponsor children in boarding schools for primary, secondary and even university studies. Education, meals, care and time to play offer an otherwise lost childhood. Partners in Africa work with orphaned children struggling with adult responsibilities, taking care of younger siblings as the heads of household. They are helped to support themselves through agriculture and other means where education and tools are provided and opportunities created. In all our projects children also benefit indirectly through their parents.

Rights and responsabilities

Our beneficiaries all live in absolute poverty in the harshest environments, desert areas, flood plains or near volcanos. Not because it is their choice. It is all they can afford. To develop their skills to fight for their own rights, ICA´s development aid is becoming more and more rightsbased. Drilling for water, food production, healthcare, education, is never just that. Beneficiaries participate fully in projects, learning not only new methods and improving their daily lives, but most importantly about their rights and how to claim them. They learn about laws and customs that keep them in poverty and how to change them. Our partners form workers unions for those that have been systematically excluded and have missed out on rights and benefits offered. We train people, especially women, to assess their situation, put their ideas into words and claim their place at the decision making table. Extensive work is done with traditional and religious leaders, government agents and institutions to influence behavior change and recognize the various aspects of poverty and how funds and services can be channelled to reduce it. Our partners in India train children in bonded labour to become future leaders. They participate in The Chil-

dren's Parliaments to learn about their rights and how to fight for them in a democratic society. This work has been fruitful in many instances and instills dignity and resolution in those we work with.

Sustainability

The environment may not be a top of the list item when food is scarce and water foul. But sustainability is at the core of the work ICA helps to fund, though beneficiaries all live in absolute poverty. Environmental protection is integrated into water and livelihood schemes; teaching, training and tools work together to conserve soil along with new species for food and fodder and inter-cropping, manure as fertilizers, tree nurseries, water harvesting and hygiene. In our projects, government agents, traditional leaders and beneficiaries are all trained about local and international law on conservation, responsible and equitable use of natural resources, along with disaster preparedness linked to drought and floods. Bringing them together links duty bearers and rights holders, increases understanding, explains shortcomings and smoothes cooperation. People now understand how water, soil and trees, crops and refuse are all linked together. They understand how a different approach in one area leads to more success in another. Our partners in India campaign for water resources, against pollution and unsustainable use by government and global enterprises to the detriment of the local population.

Domestic aid

ICA provides assistance all over Iceland through pastors and social workers. Single parents, the unemployed, the disabled and others with low incomes or living off benefits seek assistance with food, medical bills, clothing, school and hobby necessities for their children and more. The number of beneficiaries rose sharply following the fall of Icelandic banks and the economic crisis in 2008. And they are still high. ICA seeks to be professional in its intervention with people in need, responding to individual cases in an appropriate way. Interviews, preceding every delivery of assistance, provide important information. Through them, ICA can constantly monitor the situation and adapt its aid to needs. Changing, from giving food packages to gift cards in food stores, has proven to be a better and more respectful way to help those in need. All applicants are encouraged to go for counselling, a part of ICA´s service that has much increased. Deeper, long term family and individual counselling, financial counselling and life coaching are all well appreciated options. Several youngsters receive special support to finish secondary schooling and adults are supported in

Total Expenditure 288,5 million IKR



Total Income 263,6 million IKR



Expenditure for Projects 213,8 million IKR



rehabilitation and further studying to be able to join the job market. Professional care and the recording of relevant data helps ICA lobby for support measures from government and municipalities on the basis of reliable data.

Changemakers – for a better world

Changemakers, ICA's youth movement, fights global warming, unfair trade, debt, violence and HIV/AIDS, with positive actions in their home country, Iceland. They visit schools, organize workshops and happenings, publish brochures, aim to influence the government and engage the public in conversation. Sometimes they simply like to have fun doing good. They cooperate with their counterparts in Norway and other countries. Four Changemaker-groups are now active three in Reykjavík and one in Akureyri. Participants are 13-30 years old working for a better world.
www.changemaker.is.

Goats among the party guests

Ever been to a party with a goat under your arm? Or a bucket of water on your head? You should try it. We know from experience that goats are perfect party guests and water is always refreshing. Get a gift certificate from us; for a goat, some chicken or a sowing machine. Write your message to the birthday child, the wedding couple or the graduate and tell them that today an orphaned child or a poor farmer's family got a gift in their name. Present the certificate at the party or send it. We can also print your text and send it wherever you wish.

Buying a gift certificate is easy on www.gjofsemgefur.is

Do it all at home or call us; tel. 528 4400.

Got your glass of milk and cookies? Still up by the computer?

Check **www.framlag.is** to make a donation on-line for a project of your choice. Or if you are already in bed, call us first thing in the morning; **tel. 528 4400**. There is always time for a quick donation.

Gjöf sem gefur, gleður, seður og hlýju vefur

Af heimasíðu Hjálparstarfsins, **www.help.is**, færðu allar upplýsingar um starfið og þaðan getur þú sent minningarkort, keypt gjafabréf eða gefið framlag.

Jarmandi og gaggandi gestir

Geitur og hænur Hjálparstarfsins hafa farið í svo mörg afmæli að á þeim er engin tala lengur. Þær hafa verið óvæntir en kærkomnir gestir, bæði krúttlegar og gagnlegar. Afmælisbörnin, gestgjafarnir, eru himinglaðir því þeir sjá að andvirði geita- og hænubréfanna sem þeir fá í hendur frá Hjálparstarfinu, fer til fátækra fjölskyldna í Afríku sem þurfa sannarlega á búbót að halda.

Á gjafavefnum okkar **www.gjofsemgefur.is** getur þú valið úr 37 ólíkum gjöfum á verðbilinu 1.600 krónur til 180.000 króna. Farðu í næsta fagnað, hvers kyns sem hann er, með saumavél undir handleggnum, nú eða vatn í skjólu eða sumargjöf til barns á Íslandi. Þeir sem allt eiga, og jafnvel hinir, verða kampakátir með gjafabréfið – kátir að hafa orðið tilefni þess að einhver fátækur fékk happdrættisvinning. **GJÖF SEM GEFUR** gleður, seður og hlýju vefur.

www.framlag.is

Ef ekkert sérstakt stendur til, þá smellir þú þér inn á **www.framlag.is** og velur málefni sem þú vilt styrkja. Þörfin er alltaf til staðar og þessi leið er svo ótrúlega einföld. Eða hringdu bara til okkar. Við gerum þetta allt í gegnum síma líka: **528 4400**.

Fréttablaðið okkar, **Margt smátt**, kemur út fjórum sinnum á ári. Áskrift er ókeypis. Tvisvar er blaðið sent heim og tvisvar birtist það sem aukablað með dagblaði og berst þannig til landsmanna. Viltu auglýsa í blaðinu? Það styrkir upplýsingastarfið og við vitum að aðgerðir eru ávöxtur þekkingar.

Stjórn og starfsmenn Hjálparstarfs kirkjunnar 2011-2012:

Stjórn:

Ingibjörg Pálmadóttir formaður
Lóa Skarphéðinsdóttir hjúkrunarfræðingur
Elínborg Sturludóttir prestur

Varamenn:

Páll Kr. Pálsson hagverkfræðingur
Hörður Jóhannesson aðstoðarlögreglustjóri

Starfsmenn:

Jónas Þórir Þórisson framkvæmdastjóri
Áslaug Arndal skrifstofustjóri
Anna M. Þ. Ólafsdóttir verkefnastjóri
Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi
Atli Geir Hafliðason friðarljós, fatalager o.fl.
Bjarni Gíslason upplýsingafulltrúi
Eldey Hrund Jónsdóttir félagsráðgjafi
Þorsteinn Valdimarsson framkvæmdastjóri Breytanda

Heimilisfang:

Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík.
Sími: 528 4400 / fax: 528 4401
www.help.is

ACT Alliance/Paul Jeffrey bls. 1 og 12
ACT Alliance/Christoph Pueschner bls. 14 efri mynd og bls. 15
ACT Alliance/Binyan Mengesha bls. 14 neðri mynd
Þorkell Þorkelsson bls. 16 tvær efri myndir til vinstri
Hjálparstarf kirkjunnar: aðrar myndir

Hönnun: Margrét E. Laxness
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja